

Nr. 129 / 13 Brúarfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua og Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júlí 2013 var Brúarfoss við bryggju í Hamborg.

Skipverjar voru að setja upp landgang eftir komu til hafnar. Einn þeirra stóð á landgangspallinum og átti að stýra landgangsendanum í festingar á pallinum. Hann hélt í tóg en þegar landgangurinn sló frá síðunni kippti hann svo í skipverjann að hann missti jafnvægið, steig öðrum fæti út fyrir pallinn og féll niður á bryggjuna. Skipverjinn lenti standandi á fótunum en féll svo fram fyrir sig á andlitið í bryggjudekkið.

Slasaði var fluttur á slysadeild til skoðunar en kom aftur um borð sama dag.

Við rannsókn kom fram:

- að lögreglan gerði öndunarpróf á slasaða áður en hann var fluttur á slysadeildina og sýndi það 1,95 prómill áfengismagn;
- að slasaði sagðist hafa drukkið einn bjór á siglingunni inn til hafnar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.